

# Þingsályktun

## um neysluvatn.

Alþingi samþykkir að beina því til ríkisstjórnarinnar að

- neysluvatn verði skilgreint sem auðlind í lögum,
- málefni þess verði vistuð á einum stað í stjórnsýslunni og
- stuðlað verði að útflutningi á fersku neysluvatni í samstarfi við vatnsútflutningsfyrirtæki og sveitarfélög.

Gert er ráð fyrir að eftirlit með gæðum vatns verði áfram á vegum Hollustuverndar ríkisins (Umhverfisstofnunar frá 1. janúar 2003) og heilbrigðisnefnda sveitarfélaga.

*Samþykkt á Alþingi 10. mars 2003.*